

nýtt rekstrarleyfi til sölu gistinga að Geitafelli í Þingeyjarsveit.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við nýtt rekstrarleyfi fyrir sitt leyti.*

#### **6. Nýtt rekstrarleyfi – Hólavegur 1**

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 8. maí s.l. þar sem Gerður Sigtryggsdóttir sækir um nýtt rekstrarleyfi til sölu heimagistinga á Hólavegi 1 í Þingeyjarsveit.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við nýtt rekstrarleyfi fyrir sitt leyti.*

#### **7. Nýtt rekstrarleyfi – Staðarhóll**

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 11. maí s.l. þar Hólmgeir Hermannsson, forsvarismaður fyrir Staðarhraun ehf. sækir um nýtt rekstrarleyfi til sölu gistinga og veitingu veitinga að Staðarhóli gistihús, Staðarhóli í Þingeyjarsveit.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við nýtt rekstrarleyfi fyrir sitt leyti.*

#### **8. Nýtt rekstrarleyfi – Öndólfstaðir**

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 15. maí s.l. þar sem Sigurður Hlynur Snæbjörnsson sækir um nýtt rekstrarleyfi til sölu heimagistinga að Öndólfstöðum í Þingeyjarsveit.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við nýtt rekstrarleyfi fyrir sitt leyti. Sigurður Hlynur Snæbjörnsson vék af fundi við afgreiðslu þessa liðar vegna vanhæfis.*

#### **9. Viðbót á rekstrarleyfi – Tröð**

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 18. maí s.l. þar sem Hanna Þórsteinsdóttir, forsvarismaður fyrir Tröð North. sækir um viðbót við rekstrarleyfi til sölu veitingu veitinga í Tröð í Þingeyjarsveit.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við viðbót rekstrarleyfis fyrir*

*sitt leyti.*

#### **10. Leikskólinn Krílabær – stefnubreyting**

Í tillögu sem samþykkt var í sveitarstjórn þann 18. desember s.l. um framtíðarskipulag Þingeyjarskóla kom fram að í þeim breytingum sem fyrirhugaðar væru yrði leikskólinn Krílabær sjálfstæð stofnun. Við nánari athugun og í framhaldi af þeirri skipulagsvinnu sem fram hefur farið undanfarnar vikur lagði oddviti fram eftirfarandi tillögu vegna framtíðarskipulags Þingeyjarskóla:

„Horfið verður frá þeirri breytingu að leikskólinn Krílabær verði sjálfstæð stofnun og verður hann þess í stað áfram leikskóladeild við Þingeyjarskóla líkt og leikskólinn Barnaborg.“

*Samþykkt samhljóða. Sigurður Hlynur Snæbjörnsson vék af fundi við afgreiðslu þessa liðar vegna vanhæfis.*

Undir þessum lið las oddviti upp bréf sem barst sveitarstjórn í upphafi fundar frá fjórum starfsmönnum leikskólans Krílabæjar þar sem það lýsir óánægju sinni vegna óvissu um framtíðarskipulag og starfsemi leikskólans.

*Sveitarstjórn þakkar bréfið.*

#### **11. Mennta- og menningarmálaráðuneytið – bréf**

Fyrir fundinum liggur bréf frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, dags. 11. maí s.l. þar sem ráðuneytið upplýsir að nú standi yfir skoðun á stöðu og framtíð framhaldsskóla í Eyþingi, í samræmi við það sem fram kemur í greinargerð með fjárlagafrumvarpi 2015. Umræður um málið hafa farið fram á fundum ráðuneytisins og skólanna og verður þeim fram haldið í samræmi við ákvarðanir sem teknar eru.

*Sveitarstjórn óskar eftir frekari upplýsingum eins og boðið er uppá í bréfi menntamálaráðuneytisins og felur sveitarstjóra að óska eftir fundi með embættismönnum ráðuneytisins og menntamálaráðherra sem fyrst til þess að ræða þær hugmyndir sem uppi eru.*

*Varðandi hugmyndir menntamálaráðherra um að sameina Framhaldsskólann*

á Laugum og Verkmenntaskólann á Akureyri vekur það furðu að ekkert samráð hefur verið haft við heimamenn um þessar fyrirætlanir heldur birtast óljósar fréttir í fjölmiðlum sem eðlilega vekja fólki ugg. Samvinna framhaldsskólanna er sjálfsögð og nú þegar eiga VMA og FL í góðu samstarfi sem vissulega er hægt að auka en sameining er allt annað mál og engin rök hafa komið fram sem réttlæta hana. Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar leggst alfarið gegn þessum hugmyndum um sameiningu enda skiptir Framhaldsskólinn á Laugum gríðarlega miklu máli fyrir sveitarfélagið og samfélagið allt.

## 12. Aflið

Fyrir fundinum liggur ályktun sem Aflið - samtök gegn kynferðis- og heimilisofbeldi mun senda félagsmálaráðherra um að tryggja samtökunum nægjanlegt fjármagn til að það geti starfað áfram.

Samþykkt samhljóða að sveitarstjórn taki undir ályktunina.

### Lagt fram til kynningar:

- a. Fundargerð stjórnar SSKS frá 16.04.2015

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:14

## Frá Þingeyjarskóla

Skólaslit Þingeyjarskóla verða að Ýdölum  
föstudaginn 29. maí kl. 16:30

Allir hjartanlega velkomnir.

Skólastjóri

Rekstur og heildarniðurstaða málaflokka er samkvæmt fjárhagsáætlunar, málaflokkur 04-Fræðslu- og uppeldismál er þó 2,2% yfir áætlun og skýrist fyrst og fremst af liðnum laun og launatengd gjöld og málaflokkur 21- Sameiginlegur kostnaður er 4,2% yfir áætlun og er vegna aukinna þjónustukaupa.

## 2. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 13.05.2015

Lögð fram fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 13. maí s.l. Ásvaldur gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í þremur liðum.

2. liður fundargerðar; Hringvegur, umsókn um framkvæmdaleyfi vegna endurbóta á Hringvegi í Reykjadal. Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfið eins og lög og reglugerðir mæla fyrir um.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leyti.

## 3. Aðalfundarboð Greiðrar leiðar ehf.

Lagt fram fundarboð á aðalfund Greiðrar leiðar ehf. sem haldinn verður þann 29. maí n.k. að Hafnarstræti 91, Akureyri.

Samþykkt að Margrét Bjarnadóttir fari með umboð Þingeyjarsveitar á fundunum.

## 4. Endurnýjun á rekstrarleyfi – Björg

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 8. maí s.l. þar sem Hlökkver Pétur Hlökkversson sækir um endurnýjun á rekstrarleyfi til sölu heimagistinga á Björgum í Þingeyjarsveit.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við endurnýjun rekstrarleyfis fyrir sitt leyti.

## 5. Nýtt rekstrarleyfi – Geitafell

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 8. maí s.l. þar sem Böðvar Baldursson sækir um

**Fundargerð  
Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar  
21.05.2015  
171. fundur**

**sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar**

**haldinn í Kjarna fimmtudaginn 21. maí kl. 13:00**

**Fundinn sátu:**

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Heiða Guðmundsdóttir, Árni Pétur Hilmarsson, Ragnar Bjarnason og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson.  
Að auki sat fundinn Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.


Oddviti setti fund. Hann óskaði eftir að bæta á dagskrá undir 10. lið; Málefni leikskólans Krílabæjar og undir 12. lið; Aflið. Aðrir liðir færast neðar á dagskrá sem því nemur.  
*Samþykkt samhljóða.*

**Dagskrá:**

- 1.Fjárhagur Þingeyjarsveitar – yfirlit
- 2.Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 13.05.2015
- 3.Aðalfundarboð Greiðrar leiðar ehf.
- 4.Endurnýjun á rekstrarleyfi – Björg
- 5.Nýtt rekstrarleyfi – Geitafell
- 6.Nýtt rekstrarleyfi – Hólavegur 1
- 7.Nýtt rekstrarleyfi – Staðarhóll
- 8.Nýtt rekstrarleyfi – Öndólfstaðir
- 9.Viðbót á rekstrarleyfi – Tröð
- 10.Málefni leikskólans Krílabæjar
- 11.Mennta- og menningarmálaráðuneytið – bréf
- 12.Aflið

**1. Fjárhagur Þingeyjarsveitar – yfirlit**

Lagt fram rekstraryfirlit sveitarfélagsins fyrstu fjóra mánuði ársins, án afskrifta og fjármagnsliða. Sveitarstjóri gerði grein fyrir stöðunni ásamt skrifstofustjóra sem sat fundinn undir þessum lið.



## Bjarmavöllur í Fnjóskadal

Ungmennafélagið Bjarmi hefur til útleigu frábært svæði fyrir ættarmót eða aðra hópa. Svæðið er gamall íþróttavöllur þar sem hægt er að tjalda. Rafmagnstenglar eru á svæðinu, sturta og wc. Aðstaða til þess að hita vatn og vaska upp. Svæðið er umkringd skógi, stutt í fallegar gönguleiðir, fótboltavöllur og danspallur eru á svæðinu. Tvær sundlaugar eru í nágrenninu. Gæludýr eru ekki leyfð. Ungmennafélagið Bjarmi  
Birna s:8483547 eða [birnada@simnet.is](mailto:birnada@simnet.is)



## Íbúar Þingeyjarsveitar

Oddviti sveitarstjórnar, Arnór Benónýsson verður með viðtalstíma í Kjarna n.k. mánudag  
**1. júní milli kl. 10:30 og 11:30.**

Á þessum tíma svarar oddviti einnig síma og tölvupósti eftir því sem kostur er.  
Sími oddvita er 661 6292 og netfang [arnor@thingeyjarsveit.is](mailto:arnor@thingeyjarsveit.is)

Sveitarstjóri

# Opnir fundir um Þeistareykjavirkjun Þriðjudaginn 2. júní

Kynning á framkvæmdum og  
gufuöflun á Þeistareykjum

Landsvirkjun leggur áherslu á  
opin samskipti við hagsmunaaðila og býður til tveggja  
ibúafunda 2. júní næstkomandi.

Markmið opinna funda Landsvirkjunar  
er að stuðla að gagnsæmri og faglegri  
umræðu um málefni sem tengjast  
starfsemi fyrirtækisins.

Fundadagskrá:  
– Salur Framsýnar stéttarfélags,  
Garðarsbraut 26 kl. 17.15  
– Ýdalir í Aðaldal kl. 20.30

Á fundunum kynna fulltrúar Landsvirkjunar stöðu uppbyggingar virkjunar  
á Þeistareykjum og framkvæmdir  
sumarsins. Einnig verður fjallað um  
gufuöflun og rannsóknir  
á jarðhitatorða svæðisins

## Kveikjur

Bókin Kveikjur eftir Bolla Pétur Bollason sóknarprest í Laufásprestakalli kom út fyrr í þessum mánuði. 40 hugvekjandi smásögur með ljósmyndum og ritningarversum. Um bókina hefur verið sagt að hún sé fallegt og eigulegt rit sem þjónar vel sínum tilgangi. Hægt er að nálgast ritið í Eymundsson en síðan má hafa samband við Bolla á netfang [bolli@laufas.is](mailto:bolli@laufas.is)/8645372 og fá sent áritað eintak. Tilboðsverð 3000kr.



## Frá Stórutjarnaskóla

Stórutjarnaskóla verður slitið  
Þriðjudagskvöldið 2. júní kl 20:00

Allir velkomnir

*Skólastjóri*

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi.  
Björn J. Guðmundsson  
Hólabraut Reykjadal  
Lést á Akureyri Hvítasunnudag 24. maí. Jarðaförin auglýst síðar.



Guðmundur Eggert Björnsson  
Ragnheiður Björnsdóttir  
Ásta Björnsdóttir  
Arna Jakobína Björnsdóttir  
Guðm. Kolbeinn Björnsson  
Birna Björnsdóttir,

Birgitta Granqvist  
Jóhann Karlsson  
Sigurjón Valdimarsson  
Skúli Rúnar Arnason  
Guðlaug Ágústsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn

## VÖRUMÓTTAKA GODAFOSSMARKADI EHF

Verður laugardaginn 30. maí kl. 17:00-20:00.

Hlökkum til að sjá ykkur með vörurnar ykkar.

Gæðanefndin góða



## SUMARBLÓM- SUMARBLÓM- SUMARBLÓM

Kvenfélag Reykdæla verður með sína árlegu sumarblómasölu 6. júní á Laugum, að Hólavegi 5 hjá Grétu (8637099), frá kl. 10. Blómin koma frá Sólskógum á Akureyri. Verðið er það sama og hjá þeim. Nýtið endilega þessa frábæru þjónustu, og fáið blómin heim í Laugar.

Kvenfélag Reykdæla



## FJÖLSKYLDUDAGUR Í BÚSTÓLPÁHÖLLINI!

Laugardaginn 30. maí  
Ópið hús milli kl 13-15  
Allir krakkar, ungmenni og fjölskyldur velkomin.

Við ætlum að:

Þjóða á hestbak

Þjóða ykkur í hestakerrurúnt

Sýna ykkur flott atriði ss. Hestaboltaboðhlaup

Vöfflur og kaffi 500 kr

(Enginn posi)

Allur ágóði rennur í reiðhöllina okkar.

Æskulýðsnefndir Þjálfa og Grana



# Í léttri sumarsveiflu

## Kirkjukór Húsavíkur og Heilsutríóið

verða í léttri sumarsveiflu á tónleikum

í Skjólbrekku í Mývatnssveit fimmtudaginn 4. júní n.k.

Tónleikarnir hefjast kl. 20:30.

Einsöngvarar eru, Edda Björg Sverrisdóttir,

Aðalsteinn Júlíusson, Ásgeir Böðvarsson og Judit György.



Kórstjóri er Judit György  
og hljómsveitarstjóri Unnsteinn Ingi Júlíusson.

Aðgangseyrir er kr. 1500.- frítt fyrir börn yngri en 12 ára.

21. tbl.  
28. maí  
2015  
22. árg.

## Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is, s: 4643366 / gsm: 8953386



### DALAKOFINN

Föstudaginn 29. maí hefst sumaropnun og verður

**Opið alla daga frá 9.00- 22.00**

Tjaldstæðið við Laugavöll er opið.

**Verið ávallt velkomin!**

Dalakofinn / Útibú ehf. [dalakofinn.is](http://dalakofinn.is)

s. 464-3344/464-3355

## Vorfundur Kvenfélags Aðaldæla

verður haldinn í Ydölum miðvikudagskvöldið

3. júní. kl 20.00

Hvetjum konur til að mæta og  
nýjar konur ávallt velkomnar.

Stjórnin